

BHM-4 Sviðsstjóri 1 – Umhverfis og/eða skipulagsmál(799 stig)

Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag lögfræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið gerir kröfu um viðtæka þekkingu á og reynslu af umhverfis og/eða skipulagsmálum. Starfsmaður hefur yfirumsjón með sviði og felur það í sér mikla ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu umhverfis og/eða skipulagsmálum í sveitarfélagi sem og ábyrgð á stefnumótun í málaflöknum.

BHM-4 Sviðsstjóri 1 – Stjórnsýslumál (799 stig)

Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Stéttarfélag lögfræðinga

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið gerir kröfu um viðtæka þekkingu á og reynslu af stjórnsýslu sveitarfélaga. Starfsmaður hefur yfirumsjón með sviði og felur það í sér mikla ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og yfirábyrgð á stjórnsýslumálum í sveitarfélagi sem og ábyrgð á stefnumótun í málaflöknum.

BHM-8 Deildarstjóri 1 – íþróttá-, frístunda-, tómsunda-, atvinnu-, og/eða menningarfulltrúi (765 stig)

Fræðagarður og Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi menntun á háskólastigi auk umfangsmikillar rekstrar- og/eða stjórnunarreynslu eða framhaldsmenntunar á háskólastigi. Starfið felur í sér stjórnun deildar, ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og ábyrgð á þjónustu sem hefur áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa. Starfsmaður vinnur innan stefnu sveitarfélags og heyrir undir yfirstjórn sviðs, hann hefur aðkomu að stefnumótun og getur einnig þurft að veita ráðgjöf um stefnu og lög/reglugerðir sem tengjast málaflöknum.

BHM-8 Deildarstjóri 1 – mannauðsstjóri (765 stig)

Fræðagarður og Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi menntun á háskólastigi auk umfangsmikillar rekstrar- og/eða stjórnunarreynslu eða framhaldsmenntunar á háskólastigi. Starfið felur í sér yfirumsjón mannauðsmála (í sveitarfélagi) og felur það í sér ábyrgð á fjármunum, mannaforráð og ábyrgð á þjónustu mannauðsmála sem hefur áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa. Starfsmaður hefur aðkomu að stefnumótun og getur einnig þurft að veita ráðgjöf um stefnu og lög/reglugerðir sem tengjast mannauðsmálum sveitarfélags.

BHM-18 Forstöðumaður frístundamála (713 stig)

Félag íslenskra félagsvísindamanna og Fræðagarður

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði uppeldis- og/eða menntamála. Einnig er krafist framhaldsmenntunar á háskólastigi eða viðamikillar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með skipulagi frístundamála hjá sveitarfélagi og forstöðu tveggja eða fleiri starfseininga. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð einstaklinga og hópa vegna þeirrar þjónustu sem veitt er og hefur starfsmaður vítt umboð til athafna og ákvörðunartöku á sérsviðinu. Starfsmaður ber einnig ábyrgð á fjármunum og hefur mannaforráð.

BHM-21 Forstöðumaður 1 í búsetu- eða dagþjónustu (730 stig)

Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður, Iðjubjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða viðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með búsetu- eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks vegna þeirrar þjónustu sem veit er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

BHM-39 Verkefnastjóri 3 – Almennatengill/upplýsingastjóri (661 stig)

Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun auk umfangsmikillar reynslu af almennatengslum og/eða fréttá- og blaðamennsku. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, umsjón með verkefnum sem tengjast upplýsingamiðlun innan stjórnkerfis sveitarfélags sem og út á við til almennings. Starfið gerir kröfur um sérstaka færni starfsmanns í upplýsingagjöf, námskeiðahaldi auk færni í að koma fram opinberlega fyrir hönd sveitarfélags. Starfið felur í sér verulega ábyrgð á upplýsingum og/eða upplýsingakerfum sveitarfélags og gerir kröfu um mjög sjálfstæð vinnubrögð og mikið frumkvæði. Starfsmaður ber skilgreinda ábyrgð á stefnumótun varðandi upplýsingatækni og upplýsingagjöf sveitarfélags.

BHM-42 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – í virkni og/eða velferðarúrræðum (681 stig)

Fræðagarður, Félagsráðgjafafélag Íslands og Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsháskólapróf á heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísindasviði. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og verkefni sem tengjast ráðgjöf, greiningu og meðferð einstaklinga og/eða hópa í virkni- og/eða velferðarúrræðum. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta þjónustuþörf og skipuleggja velferðarúrræði sem hafa áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga eða hópa. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins.

BHM-42 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – í menntamálum (681 stig)

Fræðagarður, Félagsráðgjafafélag Íslands og Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsháskólapróf á heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísindasviði. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og verkefni sem tengjast ráðgjöf, greiningu og meðferð einstaklinga og/eða hópa í skólakerfinu. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta þjónustuþörf og skipuleggja velferðarúrræði sem hafa áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga eða hópa. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins.

BHM-70 Verkefnastjóri – velferð (572 stig)

Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarður

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda eða á öðru viðurkenndu fagsviði sem nýtist í starfi og starfsleyfi þar sem það á við. Starfið felur í sér ábyrgð á velferðarúrræði sem felur t.d. í sér framkvæmd starfsgetumats, aðstoð við atvinnuleit eða virkniúrræði, persónulegan stuðning og samskipti við einstaklinga sem krefjast umönnunar, þjálfunar og/eða ráðgjafar frá starfsmanni.

BHM-75 Sérfræðingur – velferð (582 stig)

Fræðagarður og Félag íslenskra félagsvísindamanna

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði iðju- eða þroskaþjálfunar eða á öðru viðurkenndu fagsviði sem nýtist í starfi og að hafa starfsleyfi þar sem það á við. Starfið felur í sér ábyrgð á velferðarúrræði sem getur t.d. falið í sér tilsjón á heimilum eða margþætta aðstoð og stuðning við notendur þjónustu. Starfsmaður er í samskiptum við notendur og/eða nemendur sem krefjast umönnunar, þjálfunar og/eða ráðgjafar frá starfsmanni. Í starfinu getur falist að veita notendum þjónustu inni á heimili þeirra.

BHM-87 Ráðgjafi í barnavernd (698 stig)

Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna og Iðjuþjálfafélag Íslands

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi lokið framhalds háskólamenntun á sviði félags-, mennta og eða/heilbrigðisvísinda s.s. uppeldis-, sál- og/eða félagsfræði auk reynslu af barnaverndarmálum. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem eru t.d. barnaverndarmál, flókin fjölskyldumál og mál hælisleitenda. Starfsmaður greinir og metur flóknar þarfir skjólstaðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir hana. Starfið felur í sér talsverða beina ábyrgð á málstjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun til annarra starfsmanna. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.